

Ár 2007, fimmtudaginn 6. desember var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands**

#### **I.**

Samkvæmt lögum um kjararáð nr. 47/2006 skal kjararáð meðal annars ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái.

Kjararáð úrskurðaði 27. nóvember 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands.

#### **II.**

Í bréfi menntamálaráðuneytisins dagsettu 17. september 2007 greindi ráðuneytið frá því að sett hefðu verið lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og í kjölfarið hefði safnstjóri verið skipaður. Óskaði ráðuneytið eftir því að kjararáð ákvarðaði laun hans. Í bréfinu segir að Náttúruminjasafni sé ætlað að vera eitt af höfuðsöfnum Íslands auk Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands. Safninu sé ætlað að annast söfnun gripa, skrásetningu þeirra og varðveislu, kynna náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda með sýningum og fræðslustarfi og annast rannsóknir á starfssviði sínu.

Með bréfum dagsettum 28. nóvember 2007 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og safnstjóranum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Var safnstjórinn jafnframt beðinn um að gera grein fyrir aukastörfum og hlunnindum sem starfinu fylgdu, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Í bréfi safnstjórans dagsettu 5. desember 2007 segir að varðandi launakjör sé eðlilegast að líta til safnstjóra hinna höfuðsafnanna, þ.e. Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Starf hans felist í meginatriðum í því að gera áætlanir, líta eftir framvindu þeirra, ráða og semja við starfsfólk auk þess að axla ábyrgð á fjárhagslegum og faglegum rekstri stofnunarinnar. Fyrstu árin muni safnstjóri stýra uppbyggingu hins nýja Náttúruminjasafns, móta stefnu, hafa umsjón með hönnun og uppbyggingu sýninga og gripasafna. Aukastörf sem tengist embætti safnstjóra séu helst seta í Safnaráði sem komi saman mánaðarlega. Ráðið úthluti styrkjum til hinna ýmsu safna á landinu, hjálpi til við að móta stefnu þeirra, hafi faglegt eftirlit með þeim o.þ.h. Þetta starf sé hluti af starfi safnstjóra og sé ekki greitt aukalega fyrir það.

Fjármálaráðuneytið tók ekki afstöðu til málsins í bréfi sínu dagsettu 6. desember 2007.

#### **III.**

Samkvæmt lögum nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands er safnið höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn safnsins. Í 2. gr. segir að hlutverk þess sé að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, svo og á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Það safni munum, skrái þá og varðveiti, afli upplýsinga sem veiti yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda og annist kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi auk þess að annast rannsóknir á starfssviði sínu. Safnið veiti öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðli að samvinnu þeirra og vinni að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Í 3. gr. laganna segir að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Samkvæmt 5. gr. skipar menntamálaráðherra safnstjóra. Hann skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Hann situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni. Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Náttúruminjasafn Íslands er ný stofnun og hafa safnstjóranum því ekki verið ákveðin laun áður. Við ákvörðun launa hans hefur meðal annars verið höfð hliðsjón af launum annarra safnstjóra, einkum safnstjóra Listasafns Íslands.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 8. maí 2007 skulu mánaðarlaun safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 131, nú 565.354 krónur. Að auki skal greiða honum 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör safnstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir